

Sjötti fundur sveitarstjórnar Eyja- og Miklaholtshrepps, haldinn að Breiðabliki fimmtudaginn 13. júní 2024 klukkan 17:00.

Mætt eru: Veronika G. Sigurvinsdóttir, Herdís Þórðardóttir, Guðbjörg Gunnarsdóttir, Þróstur Aðalbjarnarson og Sigurbjörg Ottesen, sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Eftirfarandi var tekið fyrir:

1. Erindi um sameiningarmál

Erindi vinnuhóps um sameiningarmál, dagsett 30. maí 2024, ásamt greinargerð SSV um sameiningarmál, lagt fram.

Í erindinu er óskað eftir því að sveitarstjórn Eyja- og Miklaholtshrepps taki afstöðu til þess hvort hafnar verði óformlegar viðræður um sameiningu sveitarfélaganna, Eyja- og Miklaholtshrepps, Snæfellsbæjar, Grundarfjarðarbæjar, Sveitarfélagsins Stykkishólms og Dalabyggðar.

Sveitarstjórn Eyja- og Miklaholtshrepps samþykkir einróma að farið verði í óformlegar sameiningarviðræður þessara fimm sveitarfélaga.

Oddvita falið að svara erindinu.

2. Erindi frá Heilbrigðisnefnd Vesturlands

Erindi frá Heilbrigðisnefnd Vesturland, dagsett 27. maí 2024 lagt fram.

Í erindinu er óskað eftir afstöðu sveitarstjórnar til flutnings heilbrigðiseftirlits til ríkisins.

Sveitarstjórn tekur samhljóða undir bókun stjórnar Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi frá 8. nóvember 2023, um að starfssemin færist ekki yfir til ríkisins, miðað við gefnar forsendur.

3. Sorpmál

Oddviti leggur til að gengið verði til samninga við Íslenska Gámafélagið til eins árs, í tilraunaskyni, um sorphirðu í sveitarfélaginu, frá og með 1. ágúst 2024.

Samþykkt er samróma að fela oddvita að ganga frá samningi við Íslenska Gámafélagið og kynna íbúum fyrirhugaðar breytingar í sorpmálum í sveitarfélaginu. Þá er oddvita einnig falið að eiga samtál við nágrennasveitarfélög um aðgengi að gámastöðvum.

4. Brunavarnir

Skv. fjárhagsáætlun 2024 var gert ráð fyrir fjármunum til uppsetninga brunahana. Oddvita falið að eiga samtal við slökkvilið, veituhafa og landeigendur um aðgengi að vatnsbólum og staðsetningu brunahana.

5. Hitaveita Eyja- og Miklaholtshrepps
Aðalfundarboð lagt fram.

Fulltrúi sveitarfélagsins á aðalfund HEM er Sigurbjörg Ottesen, sem að fer með fullt umboð.

6. Samkomulag Eyja- og Miklaholtshrepps og Svæðisgarðsins Snæfellsness um samstarf, aðstöðu og rekstur íbúa- og gestastofu Snæfellsness í félagsheimilinu að Breiðabliki Samkomulagið, undirritað, er lagt fram.
7. Ársskýrsla Heilbrigðiseftirlits Vesturlands 2023
Ársskýrslan er lögð fram.
8. Fundargerð eigendafundar Heilbrigðiseftirlits Vesturlands
Fundargerðin er lögð fram.
9. Fundargerð 189. fundar Heilbrigðiseftirlits Vesturlands
Fundargerðin er lögð fram.
10. Fundargerð 190. fundar Heilbrigðiseftirlits Vesturlands
Fundargerðin er lögð fram.

Fleira var ekki gert. Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 18:20.

Herdís Þórðardóttir – sign
Guðbjörg Gunnarsdóttir – sign
Veronika G. Sigurvinsdóttir – sign
Þröstur Aðalbjarnarson – sign
Sigurbjörg Ottesen – sign